

Styrktarsamningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Klassíska listdanskólann

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ákveðið að veita Klassíska listdanskólanum Íslands ehf. styrk og fjallar þessi samningur um þá styrkveitingu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, er í samningi þessum nefnt ráðuneyti, Klassíski listdanskólinn ehf., kt. 531093-2679, er í samningi þessum nefndur KLS.

1. Markmið og starfsemi/verkefni

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Styrkja stoðir listdans og gefa nemendum á framhaldsskólaaldri sem hyggjast leggja stund á háskólanám í listdansi kost á sérhæfðu undirbúningsnámi.
- Efla hæfni, þekkingu og leikni listdansnema á framhaldsstigi.
- Tryggja framgang stefnu sbr. fjármálaáætlun 2020-2024 á málefnasviði 20 – Framhaldsskólastig í málaflokki 20.1 – Framhaldsskólar.

1.2. Starfsemi/verkefni:

- Ráðuneytið styrkir KLS til að sinna kennslu kjörsviðsgreina í listdansi fyrir nemendur á staðfestri listdansbraut sem og fyrir þá nemendur sem fá slíkt nám metið til eininga í frjálsum vali til lokaprófs.
- Kenna á grundvelli staðfestrar námsbrautar í listdansi.
- Veita nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg og almennt tíðkast vegna náms í listdansi.
- Veita nemendum trausta og faglega menntun sem nýtist þeim undir frekara nám í listdansi.
- Vera með námsframboð sem stuðlar að aukinni menntun og þroska nemenda þar sem áhersla er á líkams- og hreyfifærni, listsköpun, samstarf, sjálfsþekkingu, túlkun, tjáningu og dansgleði.
- KLS heldur inntökupróf fyrir væntanlega umsækjendur.
- KLS mun á samningstímanum sjá 16 ársnemendum í nútímalistdansi og 11 ársnemendum í klassískum listdansi fyrir verklegri kennslu í listdansi á listdansbraut.
- Ársnemandi er sá sem skilar 30 einingum á skólaári.
- KLS annast verklega kennslu í listdansi fyrir þá nemendur sem fá slíkt nám metið til eininga í frjálsum vali til lokaprófs frá framhaldsskóla. KLS leitast við að skipuleggja framangreinda kennslu þannig að hún falli sem best að öðru námi nemenda í viðkomandi framhaldsskóla.
- Skólanámskráin skal vera í samræmi við staðfesta listdansbraut.
- Kennsla samkvæmt samningi þessum skal fara fram í sérhæfðu húsnæði sem uppfyllir faglegar kröfur til kennslu í listdansi.
- KLS mun á samningstímanum innleiða aðferðir til að meta árangur og gæði skólastarfsins í samræmi við 41. gr. laga um framhaldsskóla.
- Vera með námsframboð sem stuðlar að aukinni menntun og þroska nemenda þar sem áhersla er á líkams- og hreyfifærni, listsköpun, samstarf, sjálfsþekkingu, túlkun, tjáningu og dansgleði.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. KLS starfar samkvæmt samþykktum félagsins dags. 12. október 1993.
- 2.3. Fyrir 1. júní 2021 skulu samþykktir félagsins kveða á um að það sé ekki rekið í hagnaðarskyni.
- 2.4. KLS starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
 - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
 - Aðalnámskrá framhaldsskóla, listdans á listdansbraut, sbr. auglýsingu nr. 754/2020.
 - Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008.
 - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
 - Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

3. Styrkveiting

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins eru kr. 140.238.000,- og árlegt framlag ríkisins eru kr. 46.746.000,- á samningstímanum.
- 3.2. KLS skilar ráðuneytinu nemendauppgjöri vegna hvers skólaárs fyrir lok júní ár hvert. Leiði nemendauppgjör í ljós að nemendur eru færri en 24 á önn, getur ráðuneytið krafist endurgreiðslu á framlagi sem nemur kr. 1.546.000,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.
- 3.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 20.1 - Framhaldsskólar og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 20 – Framhaldsskólastig sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á KLS ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 20.1 og hjá KLS.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Styrkurinn er greiddur með mánaðarlegu framlagi.

4. Ábyrgð KLS

- 4.1. KLS ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. KLS skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. KLS ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem hann nær til.
- 4.3. KLS ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.4. KLS er óheimilt að:

- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. KLS skilar ráðuneytinu:
 - Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
 - Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok mars ár hvert.
- 5.3. Eigi KLS í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.4. Fulltrúar ráðuneytis og KLS funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.
- 5.5. Fyrir lok febrúar ár hvert skilar KLS ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.6. KLS veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.7. Samning þennan, ársreikning KLS, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef KLS jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.8. KLS setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. KLS tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum, draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli KLS ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Bókhald og fjárreiður

- 7.1. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi KLS vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum KLS.
- 7.2. Að því leyti sem skólinn fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi KLS.


8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir frá 01.09.2020 til 31.08.2023.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki.

Reykjavík 25. september 2020



Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja D. Alfredsdóttir



f.h. Klassíska listdanskólans
HRAFNHILDUR EINARSSON